

Nd.

138. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta fjallar um biðlaun alþingismanna, og er í frumvarpinu kveðið á um að alþingismönnum skuli greidd biðlaun í ýmist þrjá eða sex mánuði frá því þeir hætta störfum á Alþingi.

Dá er í frumvarpinu einnig við það miðað, að ákvæði þess um biðlaun skuli verka aftur fyrir sig og ná til þeirra fyrrverandi alþingismanna, sem hættu störfum á Alþingi við alþingiskosningarnar fyrr á þessu ári — bæði þeirra, sem féllu, og hinna, sem ekki voru í kjöri.

Að undanförunu hefur allmikið verið rætt um launakjör og friðindi alþingismanna og ýmsar skoðanir uppi í þeim efnunum. Við teljum að í heild séu þessi kjör það góð, að ekki sé ástæða til að bæta þau nú með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Rétt er að vekja athygli á því, að hver alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi í 10 ár eða lengur, á samkvæmt frumvarpinu að fá greitt nokkuð á þriðju milljón króna við brotthvarf af þingi, en þeir, sem skemur hafa setið, hálfu þá upphæð. Sýnist þetta nýmæli vera ástæðulaus rausn, ekki sist þegar haft er í huga, að hér er í mörgum tilvikum um að ræða einstaklinga með góðar tekjur af öðrum störfum, m. a. hjá ríkinu. Sist er ástæða til að samþykkja þessa breytingu á kjörum alþingismanna nú á sama ári og kjarasamningar almenns launafólks hafa ekki fengið að standa óhaggaðir vegna lagasetninga frá Alþingi. Verði frumvarpið samþykkt felur það í sér viðbótarútgjöld hjá ríkinu strax á þessu ári, sem nema nokkrum tugum milljóna króna. Þeim fjármunum má verja betur með öðrum hætti.

Þau rök hafa verið færð fram til stuðnings frumvarpinu, að eðlilegt sé að alþingismenn njóti í þessum efnunum svipaðra réttinda og ýmsir opinberir embættismenn. Þessi rök teljum við ekki gild, en hitt þvert á móti eðlilegt, að lítilfjórleg fjárhagsleg áhætta fylgi stjórnmalastarfi, ekki sist hjá alþingismönnum, sem búa við þau launakjör og friðindi, er störfum þeirra fylgja nú.

Ef kjósendur segja alþingismanni upp í kosningum, eða hann kys að hætta störfum á Alþingi, er það eitt eðlilegt, að hann sjái sér sjálfur farborða þaðan í frá, nema um elli eða örorku sé að ræða, en þá koma að sjálfsögðu til eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum og reglum, sem um þau efni gilda.

Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 6. des. 1978.

Kjartan Ólafsson,
frsm.

Vilmundur Gylfason.